



Bessastöðum,
17. september 2026

Kæru framhaldsskólanemar.

Á tímum mikilla umbreytinga og hraðrar tækniþróunar er mikilvægt að við hlúum markvisst að því sem styrkir samfélagið okkar: trausti, lýðræðislegri þátttöku og hæfni okkar til að hlusta hvert á annað og ræða saman, þrátt fyrir ólíkar skoðanir, reynslu og aldur.

Þegar breytingar gerast hratt er freistandi að halda að svörin eigi fyrst og fremst að koma frá stjórnvöldum, sérfræðingum eða þeim sem eldri eru. Ég er á annarri skoðun.

Ég trúi því að við þurfum að finna svörin saman – og að rödd ykkar og áhrif skipti þar sérstaklega miklu máli.

Þess vegna langar mig að bjóða ykkur til Samtals.

Tílefnið er sérstakt. Í október eru 40 ár liðin frá leiðtogafundinum í Reykjavík árið 1986. Þar settust leiðtogar tveggja stórvelda, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, niður til samtals í Höfða, á tímum mikillar spennu og ótta í heiminum. Þeir leystu ekki allan ágreining sinn en samtal þeirra átti þátt í að breyta gangi sögunnar.

Nú viljum við aftur setja **samtal og frið á dagskrá** – og horfa saman fram á veginn.

Laugardaginn **10. október** verður efnt til *Samtals* í framhaldsskólum um allt land undir yfirskriftinni:

Hvernig samfélag viljum við skapa saman?

Framhaldsskólarnir verða lykilvettvangur *Samtalsins* en þetta á ekki aðeins að vera samtal ykkar. Við viljum bjóða yngri og eldri kynslóðum að taka þátt – þar á meðal foreldrum og ömmum og öfum, kennurum og öðrum úr samfélaginu – og skapa raunverulegt **samtal kynslóða**. Skráning er á **talasaman.is**.

Við höfum lengi talað um jafnrétti milli kynja og annarra hópa samfélagsins. Nú þurfum við líka að huga að **kynslóðajafnrétti**; að þið sem erfið landið hafið raunverulega rödd og áhrif. Þess vegna vil ég ekki aðeins bjóða ykkur í samtalið. Ég vil biðja ykkur um að **leiða það**.



Við leitum að framhaldsskólanemum um allt land til að taka þátt og einnig sem gefa kost á sér að vera leiðbeinendur eða „lóðsar“ *Samtalsins* í sínum skólum. Þið þurfið ekki að vera sérfræðingar, vera með hæstu röddina eða hafa svör við öllum spurningum. Þið þurfið bara að vera forvitin um aðra, kunna að hlusta og vilja skapa tengsl milli fólks. Dýrmætt er að hafa lóðsa sem geta hjálpað fólki með ólíkan bakgrunn og á ólíkum aldri að ræða saman af virðingu og einlægni.

Þetta eru eiginleikar sem heimurinn þarf nauðsynlega á að halda.

Þau sem taka þetta hlutverk að sér fá þjálfun og stuðning til að leiða *Samtalið*, samtalsramma til að styðjast við og efni sem hægt verður að laga að aðstæðum í hverjum skóla. Gert er ráð fyrir að þjálfun fyrir lóðsa fari fram fyrri part dags 10. október og að samtölin eigi sér stað eftir hádegi sama dag. Einnig vonast ég til að nemendur fái að sjá *The AI Doc*, heimildamynd um gervigreindarbyltinguna á skólatíma í vikunni áður, sem innlegg í umræðurnar.

Hugmyndirnar og sjónarmiðin sem fram koma í *Samtali* um allt land verða dregin saman og gervigreindin verður þar nýtt til góðs. Hún auðveldar okkur að deila *Samtalinu* með allri þjóðinni og á öðrum viðburðum sem haldnir verða í tilefni 40 ára afmælis leiðtogafundarins.

Ykkar er framtíðin. Þess vegna eigið þið ekki aðeins rétt á sæti við borðið. Við þurfum öll á hugmyndum ykkar, hugrekki og leiðtogahæfni að halda – og við þurfum líka að nýta okkur reynslu og vísu þeirra sem eldri eru.

Framtíðina sköpum við saman.

Ég vona að sem flest taki þátt í *Samtalinu* – og að mörg ykkar bjóðist til að leiða það.

Við breytum ekki heiminum á einum degi en orð eru til alls fyrst og vonin vex þegar við tökum virkan þátt.

Með hlýjum kveðjum,

Halla Tómasdóttir
forseti Íslands